

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885. Bæjarráð fer með ágreiningsmál er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 486 frá 11. nóvember 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

26. maí 1982.

Nr. 427.

AUGLÝSING

um fólkvang í Óslandi.

Að tillögu hreppsnefndar Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa vesturhluta Óslands í Hafnarkauptúni fólkvang samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Mörk fólkvangsins eru þessi:

Að austan hein lína sem dregin er þvert ofan við Útsýnishól í 70 metra fjarlægð frá rótum og samsíða austurhlið hans í sjó fram í báðar áttir. Að sunnan og norðan strandlengjan, fjörur og leirur niður með Óslandinu að tangaodda. Að vestan ystu mörk Óslandstanga er gengur í sjó fram, þ.e. í straumál er liggur úr Hornafirði til Óss.

Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði:

1. Gangandi fólk er heimil för um fólkvanginn. Umferð ökutækja er þar aðeins heimil á vegi að útsýnisstað og bátalægi, en hvergi þess utan.
2. Öllum er skylt að ganga vel um fólkvangslandið. Varast ber að spilla gróðri og valda óþarfa truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum. Bönnuð er meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra samkvæmt ákvörðun stjórnar fólkvangsins.
3. Uppsátur báta verður áfram við steinbryggju og í næsta nágrenni norðaustan megin. Stjórn fólkvangsins getur, ef nauðsyn krefur, ákveðið hámarksfjölda báta er þar hafa aðstöðu. Skýli og geymslur og annað, sem slíkom umsvifum fylgir, skal byggt eftir skipulagi sem stjórn fólkvangsins lætur gera. Smábátaeigendum er skylt að fara að fyrirmælum um umgengni, ella teljast þeir hafa fyrirgert rétti sínum og má þá vísa þeim af svæðinu með útgerð sína.
4. Bannað er að beita búpeningi á fólkvangslandið.
5. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt innan fólksvangsins nema það sem er tiltekið í 3. gr.
6. Stjórn fólkvangsins skal m.a. gangast fyrir því að bætt verði úr spjöllum sem þar hafa verið unnin. Stjórninni er og heimilt að láta fjarlægja mannvirki sem eru á svæðinu og hún telur til lýta. Ennfremur að merkja og lagfæra gangstiga og setja upp girðingar til verndar svæðinu.



Stjórn fólkvangsins er í höndum þriggja manna. Hreppsnefnd Hafnarhrepps tilnefnir einn mann, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu einn og umhverfisnefnd Hafnar tilnefnir þriðja manninn sem jafnframt er formaður. Nefndin starfar á milli sveitarstjórnarkosninga.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 26. maí 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.